



Pungunarrof eftir 12. viku meðgöngu

Þegar þungun er rofin eftir 12. viku meðgöngu, er það gert með lyfjameðferð á kvenlækningadeild 21A. Hefja má lyfjameðferð þegar búð er að staðfesta lengd meðgöngu með ómskoðun.

Meðferðin fer fram í tveimur áföngum og tekur 3-4 daga. Gert er ráð fyrir innlögn á þriðja degi meðferðar. Innlagnardagur er bókaður fyrir fram og upphaf meðferðar miðast við hann.

1 Dagur eitt (viðtal): _____

Fyrra lyfið, mifepriston (Mifegyn) 200 mg er tekið inn um munn hjá hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður. Lyfið eykur næmi fyrir misoprostol (Cytotec) sem tekið er á þriðja degi meðferðar. Afhentar eru 2-4 töflur af lyfinu Cytotec samkvæmt fyrir mælum læknis sem á að nota á þriðja degi meðferðar.

2 Dagur tvö (heima): _____

Daginn eftir töku mifepriston getur borið á ógleði, verkjum og blæðingar geta hafist. Ef blæðing er mikil þarf að hringja á deild til að meta hvort þörf er á innlögn. Ráðlagt er að taka verkjalyf eftir þörfum. Óhætt er að fara í vinnu og skóla

3 Dagur þrjú (innlögn): _____

Klukkan 07:00, fyrir innlögn á 21A, eru settar 2-4 töflur af lyfinu misoprostol (Cytotec) eins hátt upp í leggöng og hægt er. Töflurnar valda samdráttum í legi og mýkja leghálsinn. Það veldur verkjum og kemur af stað blæðingu. Tekin eru verkjalyf ef ekki er ofnæmi eða aðrar frábendingar fyrir notkun til staðar. Helstu aukaverkanir lyfjameðferðar eru veikindatilfinning, hiti, ógleði og niðurgangur. Aukaverkanir ganga oftast yfir á 12 klukkustundum.

Á þriðja degi meðferðar:

- Klukkan 07:00: Setja misoprostol (Cytotec) töflurnar hátt í leggöng.
- Klukkan 07:00: Taka íbuprofen 400 mg og paracetamol 1000 mg.
- Klukkan 08:15: Koma á kvenlækningadeild 21A á Landspítala við Hringbraut. Þú verður sótt á biðstofu af starfsmanni deildar.
- Ekki er þörf á að vera fastandi.

Þriðji dagur meðferðar

Á deildinni eru gefnar misoprostol (Cytotec) töflur í leggöng eða undir tungu á þriggja klukkustunda fresti þar til meðferð hefur borið árangur. Mest er lyfið gefið fimm sinnum á sólarhring.

- Eftir að verkir hefjast má ekki borða eða drekka. Byrja má að drekka aftur þegar fóstur og fylgja hafa skilað sér.
- Blæðing ætti að hefjast eftir 3-4 klukkustundir.
- Blæðing er einstaklingsbundin en eðlilegt er að fá ríkulega blæðingu með blóðköggjum (blóðlifrum).
- Nauðsynlegt er að nota bindi og við salernisferðir er hafður þvagmælingarhattur í salerni. Innihald bindis og blóðlifrar sem koma í hatt eru skoðaðar af ljósmóður eða hjúkrunarfræðingi.
- Þegar líður á ferlið verða samdráttarverkirnir reglulegir og koma með 2-5 mínútna millibili. Verkjaseyðingur getur verið í mjóbaki og fyrir ofan lífbein á milli samdrátta.
- Það er mjög misjafnt hversu langan tíma ferlið tekur. Ljósmóðir eða hjúkrunarfræðingur gefur upplýsingar um framgang meðferðar.
- Ef meðferð hefur ekki borið árangur innan 14-16 klukkustunda er sofið yfir nótt á deildinni og meðferð haldið áfram næsta dag.
- Þegar búið er að staðfesta að meðferð hafi borið árangur og blæðing er lítil, má útskrifast heim. Algennt er að vera tvær klukkustundir eftir að meðferð lýkur á spítalanum en þörf á lengri tíma.

Verkjastilling

- Gefið er ibuprofen 400 mg og paracetamol 1000 mg á sex klukkustunda fresti ef ekki er frábending fyrir notkun.
- Hægt er að nota heita og kalda bakstra á kvið.
- Gott er að röltu um 2-3 sinnum á klukkustund og drekka að minnsta kosti einn lítra af vökva yfir daginn.
- Frekari verkjameðferð er gefin í samráði við ljósmóður eða hjúkrunarfræðing.
- Við mat á verkjum er notaður verkjakvarði þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir eða verstu hugsanlegu verkir. Láta þarf vita ef verkir aukast svo hægt sé að meðhöndla þá strax. Markmiðið er að vera vel verkjastillt og geta hreyft sig með góðu móti.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir			Gríðarlegir verkir

Fyrstu vikurnar eftir meðferð

- Meðan blæðing er í hámarki er ráðlagt að vera heima, oft fyrstu sólarhringana.
- Ráðlagt er að fara í sturtu en ekki bað, sund eða heita potta meðan blæðir.
- Það er eðlilegt að blæði í allt að þrjár vikur eftir meðferð. Næstu eðlilegu tíðablæðingar ættu að hefjast eftir 4-6 vikur og geta þær orðið ríkulegri en vanalega.
- Forðast þarf samfarir meðan blæðir til að minnka hættu á sýkingu.
- Eingöngu má nota bindi á meðan blæðing varir, ekki má nota túrtappa eða álfabikar.
- Vægir túrverkir eru algengir fyrstu 1-2 vikurnar eftir lyfjameðferð. Hægt er að nota paracetamol eða ibuprofen samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfs.
- Það er í lagi að fara í vinnu eða skóla nokkum dögum eftir meðferð en það fer eftir aðstæðum og líðan. Ljósmóðir eða hjúkrunarfræðingur veitir ráðleggingar varðandi það fyrir heimferð. Hægt er að fá vottorð á spítalanum áður en farið er heim.

Óþægindi frá brjóstum

- Borið getur á spennu og óþægindum frá brjóstum nokkrum dögum eftir meðferð.
- Mælt er með þröngum brjóstahaldara til að minnka líkur á mjólkurmyndun.
- Forðast þarf að erta geirvörtunnar, láta heitt vatn renna á eða mjólka brjóstin.
- Kaldir bakstrar á brjóstin geta dregið úr óþægindum. Einnig getur verið gott að taka verkjalyf ef engar frábendingar eru fyrir hendi.

Getnaðarvarnir eftir meðferð

- Egglos kemur fljótlega eftir lyfjameðferð, fyrir næstu blæðingar.
- Ef fyrirhugað er að forðast þungun þarf að hafa getnaðarvarnir tiltækar þegar kynlíf hefst á ný.
- Hægt er að fá ráðgjöf hjá ljósmóður/hjúkrunarfræðingi eða lækni fyrir heimferð ef óskað er.

Ástæða er til að hringja á deild ef:

- Það blæðir þannig að stórt bindi (næturbindi eða sambærilegt) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Nýrra verkja í kvið verður vart.
- Verkir í brjóstum eða kvið minnka ekki við töku verkjalyfja.
- Hiti er yfir 38°C.

Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við símavakt kvenlækningadeilda.

Í neyðartilfellum er hringt í 112.

Eftirfylgd

Ef fyrirhugað er að gera meinafræði og litningarannsókn á fóstri vegna fósturgalla þá er boðið upp á viðtal við lækni þegar allar rannsóknarniðurstöður liggja fyrir. Það getur tekið allt að átta vikur að fá allar niðurstöður. Það verður hringt og gefinn tími þegar niðurstöður liggja fyrir. Í öðrum tilfellum er ekki þörf á endurkomu.

Félagsráðgjafar á kvennadeildum Landspítala bjóða sálfélagslegan stuðning og ráðgjöf varðandi réttindi. Viðtal er boðið áður en farið er heim eða haft samband eftir að heim er komið.

Símanúmer

Meðgöngu- og sængurlegudeild 22A er opin allan sólarhringinn og má hafa samband fyrstu tvær vikurnar eftir meðferð í síma 543 3220.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆDSL
MÁÍ 2024
LSH-3255

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
YFIRLÆKNIR FÆÐINGARÞJÓNUSTU
OG DEILDARSTJÓRARAR 21A OG 22A

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR
HÖNNUÐUR LANDSPÍTALA